

Föstudaginn 1. nóvember 1929.

Nr. 89/1929. **Réttvisin og valdstjórnin** (Svb. Jónsson)  
gegn

**Enok Helgasyni** (Guðmundur Ólafsson).

Hegningarlaga og bifreiðarlaga brot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. júlí 1929: Ákærður, Enok Helgason, sæti fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi í einn mánuð og missi æfilangt leyfi til að aka bifreið.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin mál-færslulaun, kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns hér fyrir rétt-inum, Lárusar Fjeldsted hrmflm.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Í hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal álit sérfróðra manna um orsakirnar til þess að slysið varð.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða aukaréttar-dómi, er það sannað, að ákærði hafi rétt áður en slysið vildi til ekið með að minnsta kosti 35—40 km. hraða á klukkustund og ekki hægt á sér áður en hann ók yfir beygju þá og bungu, sem er þar á veginum og fól honum um stund útsýni frameftir veginum. Þá er það og sannað, að ákærði hafi þverbeygt upp á vegkantinn, er var nokkru hærri en melurinn og jafn-framt beitt hemlunum að fullu. Með þessu hefir ákærði gjört sig sekan í vitaverðri óvarkárni, er ætla má, að hafi haft slysið í för með sér. Og þó að ætla mætti, að hringurinn á hægra framhjólí bifreiðarinnar hefði sprungið áður en vagninn fór út af veginum, svo sem ákærði hefir borið, þá bætir það eigi um fyrir honum, því að þá hefði honum borið skylda til að stöðva vagninn með hemlunum þá þegar.

Þar sem 2 menn biðu bana af slysinu, auk þess að 6 aðrir menn meiddust, er afbrot ákærða í undirréttardóminum réttilega heimfært undir 200. gr. hinna almennu hegningarlaga, og 6. gr. bifreiðarlaganna 15. júní 1926. Þykir fangelsisrefsing ákærða hæfilega ákveðin 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fanga-  
viðurværi, en að öðru leyti ber með skirskotun til aukaréttardómsins að staðfesta hann. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að fangelsisrefsing ákærða ákveðst tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði, Enok Helgason, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Sveinbjörns Jónssonar og Guðmundar Ólafssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Enok Helgasyni bifreiðarstjóra fyrir brot gegn ákvæðum 17. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og bifreiðarlaganna nr. 56 frá 1926.

Málavextir eru á þessa leið: Ákærður fór héðan frá Rauðar-  
árstig sunnudaginn 23. f. m. kl. 6,35 í bifreiðinni RE. 71, sem er Fiat bifreið ætluð fyrir 14 manns. Hann hafði 10 farþega í bifreiðinni, er hann fór af stað, en einn bættist við í Múla hér fyrir innan bæinn. Ferðinni var heitið austur í Fljótshlíð. Ákærður kveðst hafa ekið með á að gizka 30—35 km. hraða, en enginn hraðamælir var á bifreiðinni svo ekki verður sagt

um hraðann með fullri vissu. Þegar ákærður var kominn nokkuð inn fyrir Lögberg eða um 1 km. fyrir neðan 20 km. steininn frá Reykjavík, kveður hann allt í einu hafa sprungið á hæggra framhjólí rétt eftir að hann hafði farið yfir beygju, til hægri, á veginum. Við það, að vindurinn fór úr hæggra framhjólínu, kveðst ákærður hafa misst þetta hjól út af veginum vegna þess, að vinstra framhjólíð lagði meira undir sig en hæggra framhjólíð, sem að sprungið var á, og spyrti bifreiðinni til hægri. Þetta kveður ákærði að hafi gjörzt í svo skjótri svipan, að hann hefði ekki haft tíma til að nota hemlana. Þar sem hæggra framhjólíð fór út af var vegurinn mjög lágur og valt því bifreiðin ekki við það, heldur hallaðist lítið eitt. Bifreiðin rann þannig með hæggra framhjólíð utan vegarins um 8 metra, og meðan bifreiðin rann þennan spöl, kveðst ákærður hafa staðið á fóthemblunum, en ekki hafa stigið hemlana í botn, kveðst hafa séð, að stórgrýti var utan vegarins skammt framundan og þóttist ekki viss um að geta stöðvað bifreiðina áður en grjótið kæmi, þótt hann setti hemlana á. Hann kveðst því hafa valið þá leið að reyna að ná bifreiðinni upp á veginn aftur og nota að miklu leyti ferð hennar til þess; kveðst hafa álítið sér þetta óhætt, með því að vegkanturinn var svo lágur, enda heldur hann því fram, að hann hafi hægt dálítið á ferðinni á meðan með fóthemblunum, þótt hann stigi þá ekki í botn.

Ákærður lagði því á stýrið til vinstri handar, til þess að koma bifreiðinni upp á veginn aftur, en hann kveður framhjólín hafa þá snúist svo snögg, að hann hafi ekki getað haldið við stýrið, en það hefði runnið í höndum sér og framhjólín farið þversum upp á vegkantinn. Þá kveðst ákærður hafa gripið með annari hendinni í handhemlana og stigið fóthemblana í botn, en við þetta kveður kærður bæði afturhjól bifreiðarinnar hafa runnið út af veginum og þá hafi bifreiðin oltið á hliðina, kastað farþegunum niður í grjótið, sem var til hliðar við veginn, en síðan hafi bifreiðin eftir að hafa oltið eina veltu rétt sig við aftur og komið niður á hjólin. Þegar þetta skeði mun klukkan hafa verið 7,15. Einn af farþegunum, Guðmundur Ólafsson, Rauðarárstíg 15, fékk svo mikið höfuðhögg um leið og hann kastaðist niður í grjótið, að höfuðkúpan brotnaði og andaðist hann samstundis. Margir hinna farþeganna meiddust mikið og eftir að þeim hafði verið hagrætt, hljóp ákærður niður að Lögbergi og hringdi til Reykjavíkur.

Hann náði í Kristinn Guðnason bifreiðarstjóra á bifreiðarstöð Kristins og Gunnars, þaðan sem Fiatbifreiðin var og sagði honum hvernig komið væri. — Kristinn Guðnason náði í Ólaf Helgason lækni og brá hann þegar við og ók uppeftir með honum, og komu þeir að Lögbergi kl. 8. — Voru þar þá fyrir nokkrir hinna meiddu manna, höfðu verið fluttir þangað af mönnum, sem komu þar að með bifreið, þar sem slysið vildi til. Einn hinna meiddu, Guðmundur Jóhannsson, Rauðarárstíg 15, var með mikið sár á höfði fyrir ofan hægri gagnauga auk annara meiðsla; læknirinn hreinsaði sárin og batt um þau, og andaðist Guðmundur nokkru síðar þar að Lögbergi. — Höfuðkúpan virtist hafa verið brotin. Eftir að læknir hafði litið á meiðsli þeirra, er staddir voru að Lögbergi, var haldið áfram til staðarins, þar sem slysið varð; var þar Þorsteinn Kárasen, sem þeir, er hina fluttu, höfðu ekki treyst sér til að flytja að Lögbergi. Eftir að læknirinn hafði skoðað Þorstein, taldi hann meiðsli hans svo alvarleg, að ekki væri fært að flytja hann öðruvísi en í sjúkrabifreið til Reykjavíkur og í henni var Þorsteinn svo fluttur á Landakotsspítala; hann er nú á batavegi. — Aðrir farþegar, sem meiddust að ráði voru þeir: Eyjólfur Guðmundsson, Múla, marinn á síðu, og brotnaði eitt rif, Sigurður Böðvarsson, Hverfisgötu 74, handleggsbrotnaði, Ásgeir Torfasen, Njarðargötu 41, marinn um axlir og upphandlegg og Maril Ágúst Friðriksson, Hverfisgötu 32, marinn á hálsi baki og brjósti. Auk þess meiddist nokkuð Sigmundur Þorsteinsson, Rauðarárstíg 13 D, og ákærður. — Allir hinir meiddu eru á batavegi. —

Lögreglan hér í Reykjavík, fékk um kl. 8, vitneskju um, að slysið hefði viljað til, og þótt það hefði borið að höndum í öðru lögsagnarumdæmi, þótti þó rétt að taka það þegar til rannsóknar hér. Lögreglan fór því á vettvang og rannsakaði vegsummerkin þar. Um 40 metrum neðar, er hægri framhjul bifreiðarinnar fór út af veginum, er talsverð bugða á honum til hægri eins og fyr segir, og hallar veginum dálítið þaðan til vinstri. Vegurinn á þessu svæði er um 5 metra breiður, vel harður, litið markað eftir hjólför, en ofan á honum liggur talsvert af þessum fíngjörða malarruðningi. Um beygjuna, sem er á hæðarmel, rennur vegurinn og melurinn að miklu leyti út í eitt, svo að eiginlegur vegkantur er enginn fyrir en rúmum 40 metrum austan beygjunnar, eða þar sem hjólið rann út af, þessi vegkantur smáhækkar, er austar dregur í dæld-

myndun, sem tekur við austan melsins, þar sem fyrnefnd beygja er á veginum. Utan í vegkantinum er dálítið af malaruðningi, sem hefir oltið út af veginum. — Lögreglan fékk verkfræðing einn hér í bænum til þess að mæla staðinn og gjöra uppdrátt af honum, og hefir sá uppdráttur verið lagður fram í málinu. — Jafnframt var annar skoðunarmaður bifreiða fenginn til þess að skoða bifreiðina RE. 71, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að bifreiðin mundi hafa verið í góðu lagi. Kveður skoðunarmaðurinn stýrið, stýrisútbúnað bifreiðarinnar vera í ágætu lagi og handhemla bifreiðarinnar svo sterka, að með þeim einum megi stöðva bifreiðina á 30 km. hraða á 18 fetum, báðir hemlar í einu stöðva bifreiðina á sama hraða á rúmri lengd bifreiðarinnar eða 15 fetum, en fóthemlar einir á 22 fetum. — Á hægri framhjólí bifreiðarinnar var slangan sprungin og var á henni þeim megin, sem að felgunni snýr, um 40 cm. löng rifa; sjálft hjólið var dálítið beyglad, sýnilega af höggi. Ekki kveðst skoðunarmaðurinn treysta sér til að segja neitt um það, hvort sprungið hafi á hjólinu áður en að slysið vildi til, eða um leið og bifreiðin steyptist og slysið bar að höndum.

Allir þeir, sem voru farþegar í bifreiðinni RE. 71, þegar slysið varð, og lifðu það af, hafa verið yfirheyrðir, sem vitni í máli þessu, nema Þorsteinn Kárasón, sem var mjög þungt haldinn. Um hraðann á bifreiðinni, er slysið skeði, treysta vitnin sér ekki til að segja með vissu. Tvö þeirra gizka á um 40 km. hraða, eitt á 35—40, tvö vitnin kveðast hafa ekið heim í bifreið, sem farið hafi með 40 km. hraða, og hafi hraðinn á Fiatbifreiðinni verið mun meiri. Eitt vitnið segir, að hraðinn hafi verið óvanalega mikill, eitt, að hraðinn hafi verið einna mestur, sem það hafi nokkurntíma ekið í beygju, og enn eitt, að hraðinn hafi áreiðanlega ekki verið undir 40 km. Ennfremur hefir eitt vitnið skýrt svo frá, að því hafi þegar fyrir ofan Múla þótt ákærður aka svo hart, að það hafi beðið hann að hægja á ferðinni og hafi ákærður lofað því. Þessu hefir ákærður ekki mótmælt. — Vitnin kveðast hafa tekið eftir því um leið og eftir að bifreiðin fór beygjuna til hægri á veginum, hafi afturhjólín skrensað út til vinstri og þeim virtist bifreiðin verða óstöðugri á veginum. Rétt á eftir rann hægri framhjólíð út af veginum hægri megin, bifreiðin rann þannig áfram með sama hraða, og ákærður virtist ekki nota hemlana, heldur ætla að nota hraða bifreiðarinnar til þess að koma

henni upp á veginn; en þá þversnerust framhjólin, ákærður virtist beita hemlunum og þá kastaðist bifreiðin skáhallt fram-yfir sig, að því er þeim virtist. Öllum ber vitnunum saman um það, að þeir hafi alls ekki heyrt slönguna á framhjólinu springa, en ákærður telur það stafa af því, að þá hafi aðeins komið hvíss, en ekki hvellur. — Þeim ber, eins og fyr segir, saman um það, að bifreiðin hafi ekki hægt á ferðinni í bugðunni, og ekki verið farin að hægja á sér, þegar hún steptist, — en fyrir neðan bugðuna er mjög góður veg-spotti og þar hafi ákærður hert á og ekið allhart þá með þeim hraða, sem vitnin hafa gízkað á, og getið er um hér á undan.

Aðalvarnarástæðan, sem kærður og talsmaður hans bera fram er sú, að slangan hafi sprungið á hægra framhjóli og því hafi það runnið út af, hraðinn hafi verið um 30—35 km. og ofmiklum hraða eða ógætilegri stjórn á bifreiðinni sé því ekki um að kenna.

Eins og sjá má á því, sem sagt er hér að framan, eru engar líkur fyrir því, að slangan hafi sprungið áður en að framhjólið rann út af, — aðrar en þær, að slangan er sprungin eftir slysið. — Ýmsar líkur eru hinsvegar til þess, að slangan hafi sprungið eftir að hjólið fór út af veginum.

1. Farþegarnir í bifreiðinni heyrðu alls engan hvell, og urðu þess ekki várir, að springi; en það verður að teljast líklegt, að þeir hafi orðið þessa varir, ef sprungið hefði á veginum, en er í alla staði eðlilegt, að farþegarnir taki ekki eftir þessu, eftir að bifreiðin var tekin að kastast til utan vegarins.
2. Það er auðsætt á hægra framhjólinu, að það hefir orðið fyrir miklu höggi, því það er beyglað, þegar framhjólin snerust þvert utan í vegkantinum og bifreiðin hentist áfram og stakkst síðan á horn, hefir næstum allur þungi bifreiðarinnar og farþegarnir hvílt á hægra framhjólinu nokkur augnablik. Við þennan snögga árekstur utan í vegkantinum eða við þungan, er bifreiðin steptist, er sennilegast að slangan hafi sprungið.
3. Einn af farþegunum kveðst hafa skilið kærðan svo, er hann átti tal við hann rétt eftir slysið, að sprungið hefði eftir að hjólið fór út af og þegar hann ætlaði að komast upp á veginn aftur.
4. Það verður að telja mjög ósennilegt, að ákærður, sem

heldur því fram að bifreiðin hafi, vegna þess að sprakk á framhjólinu, tekið af sér stjórnina til hægri og út af veginum, hafi látið sér koma til hugar, ef hann hefði álitnið sprungið á hægri framhjóli að kippa bifreiðinni á hraðanum upp á veginn aftur til vinstri, þar sem halli bifreiðarinnar til hægri, vegkanturinn, sprengda framhjólið og framhjólið vinstramegin, sem var hærra og lagði meira undir sig, hlaut að vinna á móti.

Rétturinn verður einnig að lita svo á, að skýringin á því hvernig á því stóð að bifreiðin rann útaf til hægri handar, liggi fyrir í prófum málsins. Farþegarnir verða þess varir, að um leið og rétt eftir að bifreiðin fór yfir beygjuna, skrensaði hún til að aftan til vinstri handar. — Þegar litið er á framburð vitnanna um það, hvernig næstum fullhlaðin bifreiðin hentist fram yfir sig, hraðinn í beygjunni og þess gætt, að vegurinn í þessum stað var þur og harður og ofan á honum var fíngjörður malaruðningur, verður rétturinn hiklaust að álita, að hraðinn hafi verið það mikill, að bifreiðin hafi ekki þolað beygjuna á svo hörðum veginum, en miðflóttaafl að kasta henni til að aftan. Við þetta stefnir bifreiðin meira til hægri en vera bar, kærður missir stjórn á henni eða tekst ekki að rétta hana nægilega til vinstri í tæka tíð, áður en hægri framhjólið rennur út af eins og fyr segir. — Eftir að bifreiðin rennur út af, hagar ákærður sér heldur ekki eins og gætnum manni bar. Það er eða á að vera hverjum bifreiðarstjóra kunnugt, að það er stórfeld hættu á því, að bifreið steypist ef henni er snúið allsnögg á mikilli ferð í lausum vegi, ekki sízt þegar henni er jafnframt beitt upp í vegkant; að það var mikil hættu á því; að hjólin þversnerust, eins og varð, var því fyrirjáanlegt. — Með því að setja hemlana, sem voru mjög sterkir eins og skoðunarmaður segir, á bifreiðina í tæka tíð meðan hjólin sneru beint við, virðist ákærður hinsvegar mundi hafa getað afstýrt slysinu að miklu eða öllu leyti. — Það er að visu svo, að menn geta ekki á svo fáum augnablikum, sem hér um ræðir, hugsað mikið eða yfirvegað. En það er álit dómarsins, að ákærður hafi í þessu tilfelli vanrækt að gæta tvenns, sem sérhverjum bifreiðarstjóra bar að hafa hugfast án nokkurrar umhugsunar: að aka ekki af meiri hraða í beygju en svo, að bifreiðin láti vel að stjórn, og að stöðva bifreiðina þegar hún fer út af, í stað þess að beita henni af miklum hraða upp í lausan vegkantinn. — Ef það væri rétt, sem ákærður heldur

fram, en rétturinn telur engar líkur til, að sprungið hafi á framhjólínu áður en það rann út af, var það meiri ógætni að beita bifreiðinni upp í vegkantinn af mikilli ferð.

Í 6. gr. bifreiðarlaganna er það tekið fram, að þar, sem ökumaður sjái ekki langt fram á veginn eða bugður séu krappar, megi ekki aka hraðara en svo að stöðva megi vagninn þegar í stað. — Ákærður hefir því freklega brotið gegn ákvæðum þessarar greinar, og rétturinn verður að telja, að ákærður hafi farið svo óvarlega af ástæðum, sem að framan segir, að hann hafi, þar sem mannsbani hlaut af, og brotið gegn ákvæðum 200. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing sú, er kærður, sem ekki er áður refsað, hefir tilunnið, er að áliti dómarans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í einn mánuð.

Svo missi ákærður og æfilangt leyfi til að aka bifreið.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Fjeldsted hrmflm.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 4. nóv. 1929.

Nr. 97/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)  
gegn

**Jens Eyjólfsyni** (Guðmundur Ólafsson).

Áfengislaga- og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. ág. 1929:  
Kærður, Jens Eyjólfsen, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa en sæti ella einföldu fangelsi í 15 daga.

Ennfremur skal hann sviftur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Svo greiði kærður og allan kostnað sakarinnar.

Dómnum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með þeirri athugasemd, að ekki er upplýst í prófum málsins annað eða frekara en að kærði hafi verið